

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2004 um gildistöku reglna um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Með vísan til 1. mgr. 70. gr., sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að þann 20. janúar 2004 taki gildi reglur um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 7. janúar 2004.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

AUGLÝSING

um hættumat vegna ofanflóða fyrir Bíldudal.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 6. janúar 2004 staðfest tillögur hættumatsnefndar Vesturbyggðar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Bíldudal.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. janúar 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.